27. júní 2016

Opið bréf til þingmanna
Suðurkjördæmis

Erindi frá Reykjanesi – félagi smábátaeigenda á Reykjanesi.

Efni: Strandveiðar

Strandveiðar hafa nú verið stundaðar frá árinu 2009. Komin er góð reynsla á veiðarnar og hafa þær fest sig í sessi. Fjölmargir hafa haslað sér völl á strandveiðum og treyst á að rekstrarumhverfi sem þær hafa boðið upp á versni ekki.

Þá hafa vinnsluaðilar geta reitt sig á að fá ferskan fisk frá bátunum yfir sumartímann þegar fjölmargar útgerðir taka sér frí frá veiðum. Þannig hefur þeim tekist að afgreiða til sinna viðskiptavina á tíma sem annars væri þeim erfiður.

Nokkrum dögum áður en strandveiðar hófust í vor ákvað sjávarútvegsráðherra að grípa inn í mótað fyrirkomulag veiðanna. Með reglugerð er hann gaf út var kveðið á um að aflaviðmiðun á okkar svæði –D (frá Djúpavogshreppi að Arnarstapa) - yrði skert um 200 tonn úr 1.500 tonnum í 1.300 tonn eða um 13,3%. Ákvörðun ráðherra kom eins og þruma úr heiðskíru lofti þar sem gert var ráð fyrir aukningu.
Lækkun viðmiðunarafla dreifðist á alla mánuðina sem hér segir:

	maí	júní	júlí	ágúst	samtals
2016	520 tonn	455 tonn	195 tonn	130 tonn	1.300 tonn
2015	600 tonn	525 tonn	225 tonn	150 tonn	1.500 tonn

Ákvörðun ráðherra var harðlega mótmælt af Landssamband smábátaeigenda og svæðisfélögum LS um land allt. Afleiðingar hennar hafa nú komið í ljós þar sem veiðidögum á okkar svæði hefur fækkað umtalsvert eða um þriðjung.
Í maí og júní í fyrra nægðu heimildir til að róa alla daga sem í boði voru alls 31, en vegna niðurskurðar heimilda í ár voru dagarnir aðeins 21 þar af aðeins 9 dagar í júní.
Að óbreyttu stefnir í að veiðidagar í júlí verði aðeins fjórir og í ágúst verði dagarnir þrír. Dæmið gæti því litið svona út:

	maí	júní	júlí	ágúst	samtals
2016	**12 dagar**	**9 dagar**	**4 dagar**	**3 dagar**	**28 dagar**
2015	17 dagar	14 dagar	18 dagar	16 dagar	65 dagar

Sjávarútvegsráðherra skýrði ákvörðun sína að undanfarin ár hefðu veiðar gengið illa á svæðinu og því hefði hann ákveðið að færa veiðiheimildir af svæðinu yfir á önnur svæðin þannig að nýting heimilda yrði betri. Nú hefur hins vegar komið í ljós að forsendur sem ráðherra gaf sér hafa ekki staðist. Á svæðinu fjölgaði bátum og fiskgengd jókst til muna sem skýrir hluta til fækkun daga.

Hér með skorar Reykjanes félag smábátaeigenda á Reykjanesi á alþingismenn kjördæmisins að beita sér aF alefli fyrir því að sjávarútvegsráðherra bæti nú þegar 200 tonnum við veiðiheimildir á svæði D. Full ástæða er til þess þar sem forsendur sem ráðherra gaf sér þegar hann ákvað að skerða heimildir á svæðinu hafa ekki gengið eftir.

Reykjanes leggur áherslu á að mál þetta þolir enga bið, staða strandveiða og sá uppgangur sem þeim hafa fylgt á svæðinu er í hættu.

Að lokum skal bent á að hér er verið að biðja um aukningu veiðiheimilda um 200 tonn sem er innan við eitt prómill af heildarafla í þorski. Aflaheimildir sem mundu dreifast á 125 smábátaútgerðir á svæðinu.

Gjört í Grindavík 28. júní 2016
Stjórn Reykjaness

_____
Þorlákur Halldórsson formaður

_____ _____
Eyþór Reynisson Haukur Einarsson

_____ _____
Jóhannes Haraldsson Anton Hjaltason